

Mánudaginn 30. október 1961.

Nr. 124/1959. **Skipaútgerð ríkisins** (Egill Sigurgeirsson hrl.)
 gegn
Pappírspokagerðinni h/f
 (Hermann Jónsson hrl.).

Dómdur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason,
 Gizur Bergsteinsson og Lárus Jóhannesson og prófessor Ármann Snævarr.

Fyrirvari farmflytjanda um ábyrgð á farmi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, dags. 21. júlí 1959, og krafizt þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda í máli þessu og sér til-dæmdur málskostnaður fyrir báðum dómum.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði stað-festur og sér dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Eftir uppkvaðningu hins áfrýjaða dóms hafa ýmsar nýj-ar upplýsingar komið fram, m. a. hefur framkvæmdastjóri hins stefnda hlutafélags, Herluf Clausen, komið tvívegis fyr-ir rétt og gefið skýrslu.

Af áfrýjanda hálfu er upplýst, að á framhlið fylgibréfa þeirra, er fylgja vörsendingum, sem hann tekur til flutn-ings og að jafnaði eru útfylltar af vörusendanda, hefur í meira en s.l. 15 ár verið prentaður með áberandi lettri á framhlið fylgibréfsins svohljóðandi fyrirvari: „Sendandi og viðtakandi eru háðir þeim reglum um flutning í skipum útgerðarinnar, sem prentaðir eru á farmskírteini hennar, en til viðbótar og frekari áherzlu þess, sem greinir í ákvæð-um farmskírteinanna, skal fram tekið, að útgerðin tekur ekki ábyrgð á neinu því tjóni, sem vörueigendur geta tryggt sig gegn með venjulegri sjóvátryggingu samkvæmt W. A.-skilmálum.“

Upplýst er í málinu, að W. A.-skilmálar vátryggingarfé-laga eru algengir skilmálar um sjóvátryggingu hér á landi,

og er tjón, eins og það, sem um ræðir í máli þessu, bætt samkvæmt þeim.

Fyrirnefndur fyrirsvarsmaður stefnda hefur upplýst fyrir rétti, „að á ári hverju fari þúsundir af sendingum frá Pappírspokagerðinni út á land. Sum árin meira og sum árin minna, eftir atvikum“. Þrátt fyrir það kveðst hann ekki hafa lesið umræddan fyrirvara í fylgibréfunum né kynnt sér váttryggingarkilmála þá, sem vísað er til. Hann kveður ekki hafa verið venju stefnda að váttryggja vörusendingar þær, er sendar eru með skipum áfrýjanda.

Telja verður, að svo áberandi sé bent á í fylgibréfunum, að áfrýjandi undanskilji sig tjóni, sem hægt sé að tryggja sig fyrir með venjulegri sjóváttryggingu, að stefndi, sem rekur umfangsmikil viðskipti, sé bundinn við þann fyrirvara, sem ekki verður talinn óeðlilegur.

Ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum réttum falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Skipaútgerð ríkisins, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Pappírspokagerðarinnar h/f, í máli þessu.

Málskostnaður fyrir báðum dómum fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. júní 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. þ. m., hefur Pappírspokagerðin h/f, Reykjavík, höfðað með stefnu, birtri 6. nóvember 1958, á hendur Skipaútgerð ríkisins til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 5.335.00, auk 6% ársvaxta frá 14. október 1958 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Við flutning málsins krafðist stefnandi vaxta frá birtingardegi stefnu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins.

Stefnandi kveður bótafjárhæðina vera andvirði pappírspokasendingar, er hafi eyðilagzt við útskipun hjá stefnda hinn 1. apríl

1958. Telur stefnandi, að starfsmenn stefnda hafi átt alla sök á tjóninu, og beri því stefnda að bæta það samkvæmt reglum um ábyrgð atvinnurekanda á gáleysisverkum starfsmanna hans.

Stefndi hefur í fyrsta lagi mótmælt því, að tjónið megi rekja til handvammar starfsmanna hans eða lélegs útbúnaðar við útskipunina, heldur hafi það orðið fyrir óhappatilviljun. Í öðru lagi byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að samkvæmt fyrirvara, sem gerður er í fylgibréfi með vöruflutningum stefnda, hafi hann firrt sig allri ábyrgð á tjóni sem þessu.

Aðiljar eru sammála um, að ekkert farmskírteini hafi verið gefið út fyrir umræddri vörusendingu, enda mun það ekki vera venja við vöruflutninga á vegum stefnda milli innlendra hafna. Hins vegar hafi stefndi gefið út fylgibréf, sem hafi að geyma svohljóðandi ákvæði: „Sendandi og viðtakandi eru háðir þeim reglum um flutning í skipum útgerðarinnar, sem prentaðir eru á farmskírteini hennar, en til viðbótar og frekari áherzlu þess, sem greinir í ákvæðum farmskírteinanna, skal fram tekið, að útgerðin tekur ekki ábyrgð á neinu því tjóni, sem vörueigendur geta tryggt sig gegn með venjulegri sjóvátryggingu samkvæmt W.A.-skilmálum“. Telur stefndi, að þar sem vátryggða samkvæmt W.A.-skilmálum er bætt að fullu verðmæti einstakra stykkja, er fara forgörðum við út- og uppskipun, þá verði stefnandi að bera tjón sitt sjálfur, þar eð hann hafi eigi vátryggt vörusendinguna. Bendir stefndi jafnframt á, að þar sem stefnandi hafi verið viðskiptavinur stefnda um langan tíma, hafi honum hlotið að vera kunnugt um skildaga þá, er settir voru af hálfu stefnda.

Stefnandi hefur mótmælt þessari röksemdafærslu stefnda. Fullyrðir stefnandi, að í viðskiptum þeirra hafi aldrei verið gefið út farmskírteini, og því síður hafi stefndi afhent honum W.A.-skilmála, enda hafi tilraunir stefnanda, eftir að til þessara málaferla kom, sýnt, að næsta ógerlegt er að fá sýnishorn af umræddum skilmálum hjá hérlandum vátryggingarfélögum. Kveðst stefnandi því aldrei hafa kynnt sér W.A.-skilmálana, og mótmælir hann þeirri staðhæfingu stefnda, að honum hafi verið kunnugt ákvæði þeirra. Þá bendir stefnandi á dóm Hæstaréttar frá 16. júní 1941, en þar er farmflytjandi eigi talinn hafa leyst sig undan ábyrgð með skírskotun í fylgibréfi til fyrirvara í farmskírteini, sem ekki var fengið farmsendara í hendur.

Stefndi hefur ekki mótmælt þeim staðhæfingum stefnanda, að honum hafi hvorki verið afhent farmskírteini né W.A.-skilmálar. Var þannig af hálfu stefnda engin tilraun gerð til að kynna stefn-

anda sérreglur þær, er stefndi setti um farmflutninga á sínum vegum. Verður því eigi talið, að stefndi hafi leyst sig undan ábyrgð með framanskráðu ákvæði fylgibréfsins.

Varðandi hina fyrrnefndu varnarástæðu stefnda, að tjónið hafi ekki orðið fyrir gáleysisverk starfsmanna hans, þá hefur verkstjóri stefnda lýst aðdraganda þess á þann veg, „að þegar verið var að lyfta byrði með nefndum pokum um borð í kaðalstroffu, slóst hún í skipshliðina með þeim afleiðingum, að pokarnir smeygðust úr og féllu niður á milli skips og bryggju“. Virðist af þessu einsætth, að fullrar aðgæzlu hefur ekki verið gætt við fermingu skipsins, og ber því stefnda að bæta stefnanda tjón hans samkvæmt almennum reglum um ábyrgð atvinnurekanda á verkum starfsmanna hans, sbr. og 13. gr. laga nr. 56 frá 1914. Þar sem stefndi hefur ekki vefengt fjárhæð bótakröfunnar, verður hún tekin til greina að fullu.

Málskostnaður ákveðst kr. 1400.00.

Jón G. Tómasson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt samdómendunum Jóni Sigurðssyni skipstjóra og Ragnari Jónssyni hæstaréttarlögmanni.

Dómsorð:

Stefndi, Skipaútgerð ríkisins, greiði stefnanda, Pappírs-pokagerðinni h/f, kr. 5.335.00 með 6% ársvöxtum frá 6. nóvember 1958 til greiðsludags og kr. 1400.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
